

# SKIPULAGSSKRÁ

## Stofnunar Evu Joly.

### 1. gr.

#### *Skilgreining og heiti, heimili og varnarþing.*

Stofnun Evu Joly á Íslandi (The Eva Joly Institute for Justice and Democracy) er sjálfseignarstofnun með heimili og varnarþing í Reykjavík, Íslandi.

Stofnun Evu Joly hefur höfuðstöðvar á Íslandi, og starfar skv. skipulagsskrá Stofnunar Evu Joly.

### 2. gr.

#### *Heimilisfang.*

Heimilisfang Stofnunar Evu Joly er í Reykjavík.

### 3. gr.

#### *Tilgangur Stofnunar Evu Joly.*

Tilgangur Stofnunar Evu Joly er að stuðla að rannsóknum og styrkja fjölbreytt verkefni á sviði samfélags- og umhverfismála, sem hafa það að markmiði að efla lýðræði, réttlæti, tjáningarfrelsi og umhverfisvernd.

### 4. gr.

#### *Hvernig tilgangi skal náð.*

Tilgangi sínum hyggst Stofnun Evu Joly ná með söfnun fjárframlaga frá einstaklingum, fyrirkjörum, sjóðum og stofnunum, sem veitt verður til verkefna sem endurspeglar tilgang stofnunarinnar.

### 5. gr.

#### *Stofnfé og stofnendur.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.100.000.

Stofnandi stofnunarinnar er Félag áhugamanna um Stofnun Evu Joly, kt. 501110-1080. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

### 6. gr.

#### *Tekjur.*

Tekjur stofnunarinnar eru vaxtatekjur, styrkir, gjafir, auglýsingatekjur eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast.

### 7. gr.

#### *Stjórn.*

Æðsta vald í málefnum stofnunarinnar er stjórn hennar og ber hún ábyrgð á fjárvörslu hennar.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fæst þremur mönnum og a.m.k. einum varamanni. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn og kys fráfarandi stjórn nýja stjórn til sama tíma í lok kjörtímabils. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Fyrsta stjórn Stofnunar Evu Joly skal kosin á stofnfundi.

Stjórnin skipar sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, ritari, sem jafnframt skal vera varaformaður, og gjaldkeri. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málefnið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók um það sem fram fer á stjórnarfundum.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn eins oft og þurfa þykir en þó skal leitast við að endurnýja stjórnina með því að skipta út stjórnarmanni fyrir nýjan ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

Meirihluta stjórnar þarf til að samþykkja nýjan mann í stjórn.

Til að víkja manni úr stjórn þarf atkvæði tveggja stjórnarmanna.

Stjórnarmenn skulu ekki þiggja laun hjá stofnuninni fyrir stjórnarstörf.

8. gr.

*Stjórnarfundir og boðun þeirra.*

Formaður stjórnar eða framkvæmdastjóri boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórnarfundir eru lögmætir þegar 2 stjórnarmenn mæta og löglega er til þeirra boðað. Á stjórnarfundum ræður meirihluti atkvæða og hefur stjórnarformaður oddaatkvæði.

Boða skal til stjórnarfundar með 6 daga fyrirvara og telst hann þá löglega boðaður. Stjórnarfundur er löglegur ef allir mæta þrátt fyrir skamman fyrirvara. Formaður stjórnar má boða stjórnarfundum með skemmri fyrirvara telji hann ákvörðun ekki þola bið.

9. gr.

*Framkvæmdastjóri.*

Stjórn stofnunarinnar ræður einn framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjórn hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar sem þeir óska eftir, og veita ber samkvæmt lögum.

10. gr.

*Fundargerð stjórnar.*

Stjórnin skal halda fundargerðir þar sem fram skulu koma allar ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnarinnar.

11. gr.

*Kynningarfundir.*

Á hverju ári skal haldinn kynningarfundur um Stofnun Evu Joly á Íslandi. Hann skal vera auglýstur og opin almenningi. Á þeim fundi skulu ársreikningar kynntir.

12. gr.

*Breytingar á skipulagsskrá.*

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki allra stjórnarmanna Stofnunar Evu Joly.

Breytingar á skipulagsskrá þessari þarfnast samþykkis sýslumannsembættisins á Sauðárkróki.

13. gr.

*Endurskoðun.*

Ársreikningar Stofnunar Evu Joly skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn Stofnunar Evu Joly velur. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna stofnunarinnar.

14. gr.

*Upplýsingar um fjármál.*

Stjórn Stofnunar Evu Joly skal tryggja að almenningur fái ávallt öruggan aðgang að upplýsingum um fjármál stofnunarinnar með gerð ársreiknings, upplýsingum á heimasíðu og fréttar-

tilkynningum eða útgáfu fréttabréfs. Ársreikningar skulu jafnframt liggja frammi á skrifstofu Stofnunar Evu Joly.

Skylt er stofnuninni að upplýsa um hvernig verðmæti sem henni hlotnast eru metin til fjár og eftir hvaða aðferðum hún flokkar útgjöld í rekstrarútgjöld og vísinda- og rannsóknarstörf ásamt ráðstefnuhaldi.

15. gr.

*Bókhald.*

Stofnunin skal halda bókhald og semja ársreikninga samkvæmt gildandi bókhaldslögum.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

16 gr.

*Slit stofnunarinnar.*

Stofnun Evu Joly verður ekki lögð niður nema með samþykki allra stjórnarmanna á löglega boðuðum fundi stjórnar Stofnunar Evu Joly. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Ákvörðun um að stofnunin verði lögð niður þarfnast samþykkis sýslumannsembættisins á Sauðárkróki.

17. gr.

*Staðfesting skipulagsskrárinnar.*

Skipulagsskrá þessi tekur gildi við samþykki stjórnar Stofnunar Evu Joly og sýslumannsembættisins á Sauðárkróki.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 24. febrúar 2011.*

**Ríkarður Másson.**

\_\_\_\_\_  
*Birkir Már Magnússon.*